

**Ed. 762. Nefndarálit [291. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Prúnarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frv. þetta fjallar um beiðni stjórnar Sölustofnunar lagmetis um að framlengja núverandi starfsréttindi stofnunarinnar, sem falla eiga úr gildi um næstu áramót, um eitt ár til viðbótar. Til fundar við nefndina hafa komið fulltrúar ýmissa fyrirtækja í lagmetisiðnaði og kom í ljós að þeir voru síður en svo á einu máli um hvort samþykka skyldi umrætt frumvarp.

Ég tel eðlilegt að sölusamtök í lagmetisiðnaði starfi á sama grundvelli og önnur útflutningssamtök. Ljóst virðist vera að viðleitni löggjafans til þess að efla samtök og samvinnu með niðurlagningarverksmiðjum hefur ekki borið þann árangur sem til var ætlast. Sýnist mér því eðlilegt að umrædd lög falli úr gildi um næstu áramót, svo sem samþykkt var á Alþingi í fyrra, og hef ekki heyrt þau rök, er mæli með framlengingu laganna. Legg ég því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 27. apríl 1982.

Eiður Guðnason,